



Gjaldskrá fyrir spilliefni og önnur skilgreind efni sem berast Kölku til eyðingar frá verktökum Úrvinnslusjóðs.
Mörg efnanna bera úrvinnslugjald.

Gildir frá 1. janúar 2026

Lagt er svokallað úrvinnslugjald á margar tegundir spilliefna og önnur skilgreind efni við innflutning eða framleiðslu hérlandis vegna kostnaðar við endurvinnslu eða eyðingu. Úrvinnslusjóður greiðir síðan fyrir eyðingu eða endurvinnslu að því gefnu að efnin uppfylli reglur sjóðsins um greiðsluskyldu. Í lögum um Úrvinnslusjóð má finna upptalningu á þeim vörum skv. tollskrárnúmerum sem úrvinnslugjald er greitt af.

*Gjaldskrá þessi gildir frá **1. janúar 2026** og er eingöngu fyrir úrgang sem berst frá aðilum sem vinna fyrir Úrvinnslusjóð eða eru samþykktir þar sem innheimtuaðilar. Einnig er gert ráð fyrir að úrgangur án úrvinnslugjalds berist til eyðingar hjá Kölku frá sömu aðilum.*

Tegundir efna	Gjald pr. kíló		Úrv.- gjald
	án vsk.	m. vsk.	
Olíuefni			
Ryðvarnarolía, smurfeiti	168,71	209,21	Já
Úrgangsolía í smálátum	168,71	209,21	Já
Olíumengaður úrgangur	168,71	209,21	Nei
Lífræn efni með halogenum og/eða brennisteini			
Klórefni (t.d. tetraklór, perklor o.fl.) (Ekki mótttekið til eyðingar)			Já
Eimingaleifar frá efnalaugum	393,67	488,15	Já
Kælimiðlar, (freon í kútum o.þ.h.) (Ekki mótttekið til eyðingar)			Já
PCB mengaður úrgangur og vökvar	717,03	889,12	Nei
Þéttar og spennubreytar með PCB	1.594,13	1.976,72	Nei
Lífræn efni án halögena og/eða brennisteins			
Leysiefni hverskonar (t.d. terpentína, þynnar, bensól o.þ.h.)	124,37	154,22	Já
Olíumálning, viðarvörn, lím, kítí o.þ.h.	124,37	154,22	Já
Prentreinsiefni og prentlitir	140,60	174,34	Já
Framköllunarefni hverskonar	123,29	152,88	Já
Formaldehyð, (Ekki mótttekið til eyðingar)			Já
Lífræn efni án úrvinnslugjalds	123,29	152,88	Nei
Varnarefni			
Útrýmingarefni (t.d. Meindýraeitur, plöntueitur o.þ.h.)	300,66	372,81	Já
Fúavarnarefni	195,75	242,73	Já
Ólífræn spilliefni og sértækur úrgangur			
Isocyanöt (MDI – TDI)	188,18	233,34	Já
Sýrur (t.d. brennisteins-, saltsýra, lútur o.fl.) (Ekki mótttekið til eyðingar)			
Úrgangur frá rannsóknarstofum, sprautur o.þ.h.	99,50	123,38	Nei
Sóttmengaður úrgangur til brennslu	170,88	211,89	Nei

Ef óskað er eyðingar á efnum sem ekki eru talin upp hér, þarf að semja um það sérstaklega. Kalka áskilur sér rétt til að hafna móttöku á efnum sem ekki henta til brennslu.

Lögð er sérstök áhersla á að öll efni séu vel merkt og sundurgreind, í traustum pakkingum og lokuðum ílátum.

Kalka sorpeyðingarstöð sf. sími 421-8010 www.kalka.is